

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2023

frá 17. mars 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/749 frá 8. febrúar 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2417 að því er varðar umbreytingu yfir í nýjar viðmiðanir sem vísað er til í ákveðnum OTC-afleiðusamningum ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 31bazzf (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2417) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 0749**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/749 frá 8. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/749, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING